

FYLGISEÐILL: UPPLÝSINGAR FYRIR NOTANDA LYFSINS

Fludent Mint 0,25 mg munnsogstöflur **Fludent Banan 0,25 mg munnsogstöflur** Natríumflúoríð

Athugið að tannlæknirinn/læknirinn eða tannfræðingurinn getur hafa ráðlagt notkun munnsogstaflnanna við öðrum ábendingum og/eða í öðrum skömmtum en kemur fram í fylgiseðlinum. Fylgið alltaf fyrirmælum tannlæknisins/læknisins eða tannfræðingsins eða leiðbeiningum sem koma fram á merkimiða apóteksins.

Hvað innihalda munnsogstöflurnar?

Virkt innihaldsefni: Natríumflúoríð samsvarandi 0,25 mg af flúor.

Önnur innihaldsefni: Makrógól, magnesíumsterat, póvíðón, sorbitól 150 mg (E420), xylítól 155 mg (E967), talkúm, piparmintu- eða bananabragðefni.

Útlitslýsing: Hvít, kringlótt tafla merkt „NaF“ á annarri hliðinni.

Bragð: Piparmintu- eða bananabragð.

Hvernig verka munnsogstöflurnar?

Þegar Fludent munnsogstafla er sögin leysist flúor úr töflunni út í munnvatnið. Síðan fer flúor í glerunginn og styrkir hann gegn tannátu (tannskemmdum).

Markaðsleyfishafi

Actavis Group hf.

Reykjavíkurvegi 76-78

220 Hafnarfjörður

Við hverju eru munnsogstöflurnar notaðar?

Fludent munnsogstöflur eru notaðar til varnar gegn tannátu (tannskemmdum) hjá þeim sem eru í aukinni hættu á tannskemmdum, m.a. vegna munnpurrks (t.d. vegna notkunar ákveðinna lyfja), tannparta eða, fasts tanngervis eða að ráði tannlæknis/læknis eða tannfræðings.

Hvað hafa ber í huga áður en og þegar munnsogstöflurnar eru notaðar

Börn yngri en 12 ára skulu einungis nota flúor munnsogstöflur að ráði tannlæknis/læknis eða tannfræðings.

Ef þú þolir ekki ákveðnar sykrategundir skaltu hafa samband við lækninn áður en þú byrjar að nota þetta lyf.

Meðganga og brjóstgjöf

Engin þekkt áhætta er við notkun á meðgöngu og við brjóstgjöf.

Akstur og notkun véla

Engin þekkt áhætta.

Skömmtunarleiðbeiningar

Venjulegur skammtur fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára:

1 munnsogstafla 6 sinnum á dag.

Sé flúortankrem, flúortyggiúmmi eða flúormunnskol einnig notað á að minnka skammtinn.

Fyrir börn yngri en 12 ára:

Samkvæmt ráði tannlæknis/læknis eða tannfræðings.

Best er að dreifa flúorskammtinum yfir daginn. Gjarna ætti að nota munnsogstöflurnar eftir mat.

Notkunarleiðbeiningar

Sjúgið töflunar til að þær verki eins lengi og hægt er í munnum. Ef það reynist yngstu börnunum erfitt að sjúga töflunar má mylja þær fyrir inntöku. Barnið má líka tryggja munnsogstöfluna.

Ef stærri skammtur en mælt er fyrir um er notaður

Ef þú hefur notað of stóran skammt skaltu alltaf hafa samband við lækni, sjúkrahús eða Eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Hvaða aukaverkunum geta munnsogstöflurnar valdið?

Algengar: (koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 100 sem nota lyfið)

Hjá börnum yngri en 12 ára geta of stórir flúorskammtar, t.d. ef mismunandi flúorvörur eru notaðar samtímis, t.d. tannkrem, töflur og/eða tyggigúmmí, valdið vægum breytingum á glerungi með ógreinilegum hvítum blettum á jöxlum.

Örsjaldan hefur verið tilkynnt um bjúg í munnholi/koki eftir fyrirbyggjandi notkun natríumflúoríðs gegn tannátu.

Geymsla og geymsluþol

Notist fyrir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum.

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið ekki við hærri hita en 25°C.

Ekki má fleygja lyfjum í skólplagnir eða heimilissorp. Leitið ráða hjá lyfjafræðingi um hvernig heppilegast er að losna við lyf sem ekki þarf að nota lengur. Þetta er gert til þess að vernda umhverfið.

Þessi fylgiseðill var síðast samþykktur í september 2009.